



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórnar

Reykjavík, 21. janúar 2011

### Breyting á reglugerð KSÍ um mótamál

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Breyting er gerð á félagaskiptatímabili í samræmi við tilskipun FIFA þar sem fyrra félagaskiptatímabil má aðeins vera 84 dagar eða 12 vikur sbr. grein 6. í reglugerð FIFA (Regulations on the Status and Transfers of Players). Breytingar eru ská- og feitleitraðar.

Hugtakið félagaskiptatímabil var skilgreint svo í upphafi reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

10. Félagaskiptatímabil: Tímabilin 20. febrúar - 15. maí annars vegar og 15. júlí - 31. júlí hins vegar

Hugtakið verður nú skilgreint svo:

**10. Félagaskiptatímabil: Tímabilin 21. febrúar – 15. maí annars vegar og 15. júlí – 31. júlí hins vegar.**

Vegna breytingar á skilgreiningu á félagaskiptatímabili breytast jafnframt eftirfarandi ákvæði í sömu reglugerð:

Grein 3.5.

Var:

3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi 20. febrúar næsta árs hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum og Íslandsmóti innanhúss (Futsal) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

**Verður:**

**3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi 21. febrúar næsta árs [20.febrúar 2011 í áður útgefnum keppnisleyfum] hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum og Íslandsmóti innanhúss (Futsal) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.**

Grein 10.1.2.

Var:

10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 20. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 15. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.

Verður:

**10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 21. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 15. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.**

Grein 19.6.

Var:

19.6. Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á tímabilinu 20. febrúar - 15. maí ár hvert og á tímabilinu 15. - 31. júlí.

Verður:

**19.6. Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á tímabilinu 21. febrúar - 15. maí ár hvert og á tímabilinu 15. - 31. júlí.**

Greinargerð:

Með breytingunni eru félagaskiptatímabil á Íslandi nú 21. febrúar – 15. maí og 15. júlí – 31. júlí, á öðrum tímum eru félagaskipti ekki heimil nema með þeim undanþágum sem kveðið er á um í grein 10.1.3. í sömu reglugerð. Eins og fram kemur hér að ofan er breytingin gerð þar sem FIFA samþykkir aðeins að fyrri félagaskiptatímabilið sé 84 dagar eða 12 vikur.

Til viðbótar ofangreindum breytingum er jafnframt sett bráðabirgðaákvæði í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

**Ný grein 3.6. (Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2011).**

**Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem tekur gildi 20 febrúar eða 21. febrúar 2011 hefur heimild til að taka þátt í deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.**

Greinargerð:

Af kunnum ástæðum hefst Íslandsmót karla nú fyrr en áður og af þeim sökum þarf að hefja leik í deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) áður en félagaskiptagluggi opnar þann 21. febrúar. Þeim félögum er leika í deildarbikarnum áður en félagaskiptaglugginn opnar 21. febrúar er með þessu gert kleift að leika með leikmenn sem hafa fengið útgefið keppnisleyfi sem tekur gildi 20. eða 21. febrúar 2011. Rétt er að benda á að félagaskipti á milli landa sem fara í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi FIFA (TMS) koma í veg fyrir að hægt sé að gefa út keppnisleyfi á viðkomandi leikmenn fyrr en 21. febrúar 2011. Keppnisleyfi er þó hægt að gefa út fyrr á leikmenn sem hafa félagaskipti á milli landa og þurfa ekki að fara í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi (TMS), s.s. áhugamenn.

***Breytingarnar taka gildi nú þegar.***

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.  
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ